



## **Fundargerð fræðslunefndar**

Miðvikudaginn 30. október 2019, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:00 í Höfðaskóla.

Á fundinn voru mætt:

Fræðslunefnd: Péturína L. Jakobsdóttir, Baldur Magnússon, Valtýr Sigurðsson, Inga Rós Sævarsdóttir, Þórunn Valdís Rúnarsdóttir og Kolbrún Á. Guðnadóttir.

Fulltrúar grunnskóla: Sara Diljá Hjálmarsdóttir, skólastjóri, Guðrún Elsa Helgadóttir, aðstoðarskólastjóri og Erna Berglind Hreinsdóttir fulltrúi kennara.

Fulltrúar leikskóla: Lilja Guðlaug Ingólfsdóttir leikskólastóri, Sesselja Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna og Ástrós Villa Vilhelmsdóttir fulltrúi foreldra.

Aðrir: Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri og Þórdís Hauksdóttir, fræðslustjóri.

Péturína L. Jakobsdóttir, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

### **1. Fundargerð:**

- a. Fundargerð fræðslunefndar 05.06.19 undirrituð

### **2. Skólastefna sveitafélagsins**

- a. Endurskoðun á skólastefnu.

Farið var yfir endurskoðun á skólastefnu Skagastrandar frá árinu 2011.

Fulltrúi fræðslunefndar, grunnskóla og leikskóla eru byrjuð að endurskoða skólastefnu og allir velkomnir að koma með tillögur að breytingum.

Málið var til kynningar.

### **3. Grunnskólinn**

- a. Skýrsla skólastjóra

Skólastjóri flutti skýrslu um skólastarfið. Fyrstu vikur fóru í undirbúning fyrir afmæli skólans. Tókst vel og allir ánægðir. Framundan

PLT



## FRÆÐSLUNEFND SKAGASTRANDAR

smá breytingar sem verða tilkynntar og árshátíð í nóvember. Að öðru leyti gengur skólastarf sinn vanagang. Nemendafjöldi er 84 nemendur. Skýrslan var til kynningar.

### b. Starfsáætlun 2019-2020

Skólustjóri kynnti starfsáætlun sem hafði verið sent með fundarboði. Starfsáætlun er endurskoðuð og gerð á hverju ári og birt á heimasíðu skólans. Örlitlar áherslubreytingar voru í ár en að öðru leiti er hún með svipuðu sniði.

Starfsáætlun var samþykkt.

### c. Fundargerð skólaráðs 4. október 2019

Fundargerðin var til kynningar.

## **4. Leikskóli**

### a. Skýrsla leikskólustjóra

Leikskólustjóri flutti skýrslu um skólastarfið. Starfsáætlun var samþykkt á síðasta fundi. Farið yfir tölulegar upplýsingar. Nemendafjöldi var 25 í haust, en er 24 börn í dag. Starfsmannamál, 9 starfsmenn á lista, 8 starfsmenn og einn í afleysingum. Inn í þessu er sérkennsla, stuðningur og afleysing. Starfsþróun og símenntun, allir starfsmenn fóru á haustþing en svo eru starfsmenn sendir á námskeið eftir þjálfunaráætlun hjá Hjalla. Skóladagatal er inni á heimasíðu, var samþykkt á síðasta fundi og engar breytingar á því. Samstarf við fjölskyldur, regluleg foreldraviðtöl og viðburðir í leikskóla þar sem foreldrum er boðið. Skýrslan var til kynningar.

## **5. Önnur mál**

Fræðslustjóri spurður út í læsistefnu Austur Húnavatnssýslu og Húnaþings vestra og leikskólanna í Strandabyggð. Allt er í vinnslu, stefnan er klár að mestu leyti, verið er að vinna í að klára bækling um læsisstefnuna og leggja lokahönd.

Spurt út í sérkennsluna og sýnatöku vegna húsnæðis. Búið er að taka sýni en ekki komnar niðurstöður.



## FRÆÐSLUNEFND SKAGASTRANDAR

Fræðslustjóri sagði okkur frá stærðfræðistefnu sem hefur einnig verið í vinnslu hjá Austur Húnavatnssýslu og Húnaþingi vestra og ætti að vera klár til kynningar um svipað leyti og læsisstefna.

Nýjir skólastjórnendur fengu hrós fyrir velunnin störf.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:36

*Péturína L. Jakobsdóttir*  
Péturína L. Jakobsdóttir

*Valtýr Sigurðsson*  
Valtýr Sigurðsson

*Þórunn Valdís Rúnarsd.*  
Þórunn Valdís Rúnarsdóttir

*Sara Diljá Hjálmarisd.*  
Sara Diljá Hjálmarisdóttir

*Erna Berglind Hreinsd.*  
Erna Berglind Hreinsdóttir

*Sesselja Guðmundsd.*  
Sesselja Guðmundsdóttir

*Þóris Hauksdóttir*  
Þóris Hauksdóttir

*Baldur Magnússon*  
Baldur Magnússon

*Inga Rós Sævarsdóttir*  
Inga Rós Sævarsdóttir

*Kolbrún A. Guðnadóttir*  
Kolbrún A. Guðnadóttir

*Guðrún Elsa Helgadóttir*  
Guðrún Elsa Helgadóttir

*Lilja Ingólfssdóttir*  
Lilja Ingólfssdóttir

*Ástrós Villa Vilhelmsdóttir*  
Ástrós Villa Vilhelmsdóttir

*Alexandra Jóhannesdóttir*  
Alexandra Jóhannesdóttir